

Minnisblað

Dagsetning: 07.10.2024
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun – NÁTT
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands – NSV

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2024 – gróðurkortlagning við Kleifarvatn

Úttekt var unnin á 'lyngmóavist á láglendi' og 'eyðimelavist' við Kleifarvatn sumarið 2024. Í lyngmóavist á láglendi (L10.8) eru lágvaxnar æðplöntur ríkjandi, einkum lyngtegundir líkt og krækilyng, beitilyng og bláberjalyng. Meðal æðplantna má einnig finna nokkuð mikið af mosa og nokkrar fléttur. Lyngmóar á láglendi eru af mörgum gerðum og vistgerðin því nokkuð breytileg, aftur á móti er áfoksjörð nánast allsráðandi.¹ Eyðimelavist (L1.1) einkennist hins vegar af mjög lítilli gróðurþekju, miklu grjóti, áfoki og sandfoki. Jarðvegur er grunnur og á eyðimelum finnast fáir mosar en fléttur eru algengar. Fjöldi æðplöntutegunda er í meðallagi og þar af eru lambagras, túnvingull, axhæra og melablóm algengastar.¹

Gróðurmælingar voru framkvæmdar með það að markmiði að athuga hvort breytingar sem hafa átt sér stað á svæðinu frá því síðasta úttekt var framkvæmd árið 2013, hvort sem um er að ræða brotthvarf eða aðkomu plöntutegunda, breytingar á gróðursamfélagi eða breytingu á vistgerð.

Framkvæmd

Gróðursnið við Kleifarvatn voru heimsótt þann 16. júlí 2024 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands (JM, SVF). Gróðurmælingar voru framkvæmdar samkvæmt leiðbeiningum NÍ um vöktun vistgerða. Við Kleifarvatn var úttekt unnin á tveimur sniðum (RN-01 og RN-24-02) út frá settum GPS hnitum. Tvö GPS hnit voru tileinkuð hverju sniði, voru þau merkt með hælum og 40 metra málband lagt niður á milli þeirra. Engir varanlegir hælir sáust frá mælingunni sem gerð var 2013 en hælir voru skildir eftir að þessu sinni. Fimm metrar voru síðan mældir báðu megin við GPS hnitin, hornrétt á málbandið, og hælir notaðir til þess að afmarka sniðið, þá 10x40 metrar. Þegar staðsetning og lega sniðanna var tilbúin var notast við staðsetningu smáreita frá gróðurúttektinni árið 2013. Árið 2013 voru átta smáreitarhnit, en í ár var ráðgert að nota einungis sex þeirra (hnitum nr. 2 og 7 var sleppt). Yfirlitsmyndir voru teknar af hverju sniði auk þess sem ljósmyndir voru teknar af smáreitum (1. mynd). Jarðvegsdýpt var mæld við alla smáreiti og jarðvegsbor notaður til þess að taka jarðvegssýni til frekari greiningar. Alls voru 6 jarðvegssýni tekin á einu sniði, þ.e. eitt sýni sitthvoru megin við smáreiti 1, 3 og 6, og ljósmyndir teknar af þeim. Lega reits, jarðvegsraki og jarðvegsgerð voru metin, ásamt því að mæla gróðurhæð í hverju horni smáreits. Skráð var niður heildarþekja, æðplöntuþekja, grýtniþekja, mosaðekja og fléttuþekja skv. Braun-Blanquet kvarða. Tegundir æðplantna voru einnig greindar innan smáreitanna og skráðar skv. Braun-Blanquet. Allt sniðið var síðan skoðað og allar þær tegundir sem ekki fundust í smáreitum voru einnig skráðar. Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar var notuð til tegundagreiningar. Sýni voru tekin af plöntum sem erfitt reyndist að greina á vettvangi og voru þau varðveitt og fullgreind síðar á rannsóknarstofu. Að lokum voru vistgerð og gróðurfélag hvers sniðs skráð. Til að framkvæma þessar mælingar voru ýmis tól notuð; hælir, málbönd, 33x100 cm rammi (fyrir smáreiti), GPS tæki, myndavél (sími), reglustika, hnífur, plastpokar, bréfpokar, jarðvegsbor, dýptarmælir og tveggja metra mælistika.



1. mynd. Yfirlitsmynd af sniði RN-01. Mynd: SVF.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að setja inn allar upplýsingar í gagnagrunn NÁTT og vista allar ljósmyndir í ljósmyndaforritinu FotoWare. Ítarlegri greiningu gagnanna er á höndum NÁTT en hér eru helstu niðurstöður sem NSV gerir grein fyrir:

Þegar sniðin eru borin saman á milli árána 2013 og 2024 hefur jarðvegsgæði ekki breyst en á sniði RN-01 hefur jarðvegur breyst í raka, úr því að vera þurr í deigur. Vistgerð í sniði RN-01 var skráð lyngmóavist á láglendi árið 2013 og stendur það enn árið 2024. Í vistinni var mikil mosaþekja bæði mælingarár, einungis hraungambri árið 2024 en tegund mosa var ekki skráð árið 2013. Fléttur voru nokkrar árið 2013 en árið 2024 fundust engar fléttur á sniðinu. Bæði mælingarár voru lágvaxnar lyngtegundir algengastar, þ.e. krækilyng, bláberjalyng, aðalbláberjalyng og beitleyng (2. mynd). Árið 2024 voru mun færri plöntutegundir á sniðinu og þar af leiðandi var hver tegund með meiri þekju. Áberandi tegundir árið 2024 voru grasvíðir, ljónslappi, blágresi og lyngjafni og af þeim tegundum var blágresi með mesta þekju árið 2013, þekja ljónslappa og grasvíðis var mun minni og það var enginn lyngjafni. Aftur á móti var skráður mosajafni árið 2013, en það getur reynst erfitt að aðgreina lyngjafna frá mosajafna. Það voru 13 aðrar tegundir skráðar árið 2024 sem voru einnig skráðar árið 2013, 4 tegundir fundust árið 2024 sem voru ekki skráðar 2013 og það voru 15 tegundir skráðar árið 2013 sem ekki fundust árið 2024, þ.m.t. bugðupunktur, týtulíngresi, hjartatvíblaðka, brjóstagras og kornsúra.

Snið RN-24-02 tilheyrir sömu vistgerð og það gerði árið 2013, eyðimelavist. Árið 2024 mátti finna þær plöntutegundir sem einkenna eyðimelavist, ásamt því önnur einkenni vistarinnar líkt og litla gróðurþekju,

mikið grjót og nokkuð mikið af fléttum (3. mynd). Í eyðimelavistinni hefur fléttuþekja aukist allmikið á milli mælingaára, engu að síður eru þar einungis breiskjufléttur líkt og áður. Árið 2013 voru túnvingull, holurt og axhæra mest áberandi plöntutegundirnar og árið 2024 voru túnvingull, holurt og melablóm mest áberandi. Melablóm var þó einnig til staðar á sniðinu árið 2013 og axhæra árið 2024. Á sniðinu mátti finna geldingahnapp, músareyra og blávingul bæði mælingaár og er því tegundasamsetning sniðsins að mestu leiti sú sama, að undanskildum fáeinum tegundum. Árið 2013 mátti finna móasef, hvítmöðru og hundasúru og árið 2024 mátti finna lambagras og túnsúru. Rétt er að geta þess að hundasúra og túnsúra eru tegundir sem getur reynst erfitt að aðgreina frá hvor annarri.



2. mynd. Lágvaxnar lyngtegundir, grasvíðir, blágresi, ljónslappi, lyngjafni, brönugrös og fíflar í smáreit númer 3 á sniði RN-01. Mynd: SVF



3. mynd. Mikið grjót, fléttur, túnvingull, axhæra, túnsúra og holurt í smáreit númer 3 á sniði RN-24-02. Mynd: SVF.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Litlar breytingar hafa orðið á tegundaauðgi og þekju tegunda í eyðimelavistinni. Aftur á móti hefur tegundaauðgi minnkað í lyngmóavistinni og þar af leiðandi hefur þekja tegunda aukist. Lyngmóavist á láglandi hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir þær vistgerðir sem þarf að vernda¹, því væri áframhaldandi vöktun á sniði RN-01 mjög viðeigandi eftir önnur 10 ár.



Heimildir

1. Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.